

Fundur skólaráðs Hofstaðaskóla 4. mars 2024 kl. 14.14.

Mættir: Hafdís B. Kristmundsdóttir, Krístrún Sigurðardóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Elín Sigurðardóttir fulltrúi starfsmanna, Kristjana Steingrímsdóttir og Amit Paul fulltrúar foreldra, Hildur Birkisdóttir og Rósa B. Guðnadóttir fulltrúar kennara og Margrét Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri. Fulltrúar nemenda voru fjarverandi á fundinum.

1. Skóladagatal. Fundum skólaráðs hefur verið frestað tvisvar til þess að geta fjallað um tillögu að skóladagatali. Skólaráð hefur hingað til rýnt dagatalið og komið með umsögn sem var send með tillögunni til skólanefndar en svo var ekki nú. Skóladagatal leik- og grunnskóla var unnið af starfsmönnum skóladeildar og fulltrúa skólastjóra. Dagatalið var unnið samhliða breytingum á opnunartíma leikskóla í bænum. Nú eru lagðar fram tillögur að dagatali næstu tveggja ára. Skólanefndir leik- og grunnskóla hafa samþykkt dagatölin svo og bæjarstjórn. Tillögurnar eru lagðar fyrir Bæjarráð þriðjudaginn 5. mars og verða formlega kynntar skólaráðinu í framhaldi af því. Dagatölin verða birt á vef skólans eins fljótt og unnt er. Farið var yfir helstu dagsetningar í tillögunum. Stefna skólans er að hafa haustfundi með foreldrum á skólaopningardegi 22. ágúst og nýta þann tíma betur. Skólastjóri hafði komið á framfæri athugasemd frá foreldrum um að hafa skipulagsdaga fyrr í mánuði þegar foreldrar hafa rýmri fjárráð.
2. Frístundaheimili. Breytingar á opnunartíma frístundaheimila taka gildi 1. apríl n.k. og þá verður lokað kl. 16.30 í stað 17.00. Örfá börn eru skráð síðasta hálf tímann og enn færri nýta sér dvölina. Sá háttur verður hafður á að ef að færri en 12 börn eru skráð í jóla- páska og vetrarleyfi þá fer hópurinn ásamt starfsfólki í annað frístundaheimili. Og þannig sameinaður og starfsfólk samnýtt.
3. Nemendastýrð foreldrasamtöl. Þau hafa verið haldin tvisvar á þessu skólaári. Það fyrra í október og síðara í febrúar. Í fyrra samtalinu var lögð áhersla á líðan og í því seinna á námsframvindu. Kennarar sögðu frá og eru hæst ánægðir með fyrirkomulagið. Foreldrar eru gríðarlega ánægðir með samtölin og höfðu lúmskt gaman af því hversu stressaðir nemendur voru gagnvart þeim í byrjun en það lagaðist svo. Aðstoðarskólastjóri hefur stýrt verkefninu og send öllum foreldrum könnun í kjölfar. Góð svörun hefur verið og eru 80-100% foreldra ánægðir með þetta fyrirkomulag sem til stendur að verði áfram.
4. Leiðsagnarnám. Það sem er efst á baugi núna eru innlit í kennslustundir. Stýrihópur verkefnisins heimsækir kennara í kennslustundir og kennara heimsækja hver annan með gátlista þar sem ákveðin atriði eru skoðuð. Verkefnið gengur vel.
5. Fulltrúar foreldra báðu um að skoðuð verði á tímasetningu ruslabíla að skólanum á þeim tíma sem börnin eru að koma í skólann. Slysahætta getur skapast af því þegar stórir bílar eru að bakka að skólanum á meðan börn eru á ferli. Skólastjóri þakkar ábendinguna og skoðar málið. Bílarnir koma jafnan kl. 7.00 nema sá sem sækir lífrænt sorp hann kemur síðar og það verður skoðað.
6. Önnur mál.
 - a. Spurt var um skutlvasa og hvernig nýtingin er á honum. Hann mun vera notaður en það komast ekki margir bílar að í einu. Lýsingin er komin upp svo ekkert á að vera til fyrirstöðu að hann sé nýtur.

- b. Skólastjóri sagði frá því að Grunnstoð er að senda út rafræna könnun til foreldra sem undirbúning að bænaskjali foreldrafélaga til bæjarstjóra. Það sem brýnt er að gera í Hofsstaðaskóla er að laga aðkomu að skólanum og endurnýja skólalóð sem er orðin úr sér gengin. Tækjakostur nemenda, fartölvur, chromebookvélar og spjaldtölvur eru margar orðnar gamlar og slitnar og fer mikill tími í að gera við og halda þeim gangandi. Það saman á við um tækjakost til forritunarkennslu, Osmo og lítil vélmenni. Nauðsynlegt er að hafa góðan búnað svo hægt sé að uppfylla aðalnámskrá og sinna kennslu í upplýsingatækni.
- c. Næstu fundir ráðsins eru 8. apríl og 13. maí.

Fundi slitið kl. 15.00.

Margrét Einarsdóttir